

**Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum lögbundinna umsagnaraðila og almennings við umhverfismatsskýrslu vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.**

Eftirfarandi aðilar sendu inn umsagnir á lögbundnum sex vikna kynningartíma sem var frá 6.1.26 – 17.2.26:

- Fiskistofa
- Sindri Hlíðar Jónsson
  - o Eigandi og fulltrúi FishPartner sem sem leigir veiðiréttinn í Villingavatni, Villingavatnsárós, Ölfusvatnsárós, Þorsteinsvík, Kaldárhöfða og víðar í Þingvallavatni og í Úlfsljótsvatni.
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Landsnet
- Land og skógur

Eftirtaldir aðilar skiluðu inn umsögn eftir að lögbundnum umsagnarfresti lauk og bárust þær umsagnir til framkvæmdaraðila á eftirtöldum dagsetningum:

- Hafrannsóknarstofnun 23.2.26
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 23.2.26
- Náttúruverndarstofnun 23.2.26
- Vegagerðin – Suðursvæði 23.2.26

Umsagnir Fiskistofu, Sindra Hlíðars Jónsson, Grímsnes- og Grafningshrepps og Landsnets kalla ekki á viðbrögð frá framkvæmdaraðila.

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
<b>1</b>	<b>Land og skógur</b>	
1.1	<i>„ Í kaflanum er stuðst við stuðla um bindingu í Landsskýrslu 2025.... allir stuðlar, t.d. í Landsskýrslu 2025, eru meðaltöl“</i>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar þessa ábendingu, en framkvæmdaraðila er kunnugt um að stuðlarnir eru meðaltöl og er það með vilja gert að þeir eru notaðir. Þessir stuðlar eru það sem íslenska ríkið og opinberar stofnanir styðjast við. Þeir byggja á bestu fánlegu gögnum og niðurstöðum rannsókna á Íslandi og íslenskum aðstæðum.</p> <p>Þessi meðaltöl ná yfir alla skóga og gefa þannig góða mynd af kolefnisbindingu, en eru á sama tíma varfærin og ef eitthvað er minni en raunveruleg binding í nytjaskóg sem er ræktaður með bindingu í huga.</p> <p>Þetta er fullnægjandi til að sýna fram á að áhrif á loftslag eru jákvæð, enda segir í niðurstöðu umsagnar Lands og Skógs:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- „Undirritaður telur nálgunina í skýrslunni nærri lagi og gefa góða mynd af væntanlegri kolefnisbindingu við framkvæmdina, byggða á þeirri þekkingu sem er til staðar.“</li></ul>

<b>2</b>	<b>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands</b>	
2.1	<p>„Þar sem svæðið er innan verndarsvæðis skv. reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns þarf að fara að ákvæðum þeirrar reglugerðar í hvívetna með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Tryggja verður að yfirborðsvatni eða grunnvati verði ekki spillt eða það mengað svo sem vegna jarðrasks eða ræktunarframkvæmda eins og kemur fram í markmiðum reglugerðarinnar.“</p>	<p>Líkt og kemur fram í umhverfismatsskýrslu er niðurstaða umhverfismatsins að áhrif á Þingvallavatn séu metin óveruleg, nokkuð jákvæð fyrir Villingavatn og verulega jákvæð fyrir Villingavatnsá.</p>

<b>3</b>	<b>Vegagerðin</b>	
3.1	<p>„Vegagerðin leggur áfram áherslu á að umferðartengingar við þjóðveginn verði í lágmarki og að nýting núverandi vegtenginga verði höfð að leiðarljósi.“</p>	<p>Líkt og kemur fram í kafla 3.4.2 í umhverfismatsskýrslu verða engar nýjar vegtengingar við Grafningsveg.</p>


<b>4</b>	<b>Hafrannsóknarstofnun</b>	
4.1	<p>„Hafrannsóknarstofnun ítrekar fyrri umsögn sína frá 24.7.2025 og þær athugasemdir sem þar koma fram.“</p>	<p>Umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 27.4.2025 er um matsáætlun verkefnisins og þær athugasemdir sem þar komu fram líklega úreldar. Umhverfismatsskýrslan fjallar um áhrif á vatn og voru þar svör við öllu sem fram kom í fyrri umsögn Hafrannsóknarstofnunar.</p> <p>Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að þar sem Hafrannsóknarstofnun geri engar nýjar athugasemdir þá sé stofnunin sammála því sem komi fram í umhverfismatsskýrslu og niðurstöðu hennar.</p>

5	Náttúruverndarstofnun	
5.1	<p>„Framkvæmdaraðili nefnir að þetta hafi ekki marktæk áhrif á heildarstofna þessara tegunda þar sem þeir séu svo stórir. Náttúruverndarstofnun þreytist ekki á að benda á að ekki nægi að líta á stofnstærð heldur beri að taka stofnþróun með í myndina. Þessar tegundir, sem eru báðar ábyrgðartegundir Íslands og heiðlóa er á lista Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast vernda“</p>	<p>Þó að hnignun ábyrgðartegunda á landsvísu sé mikilvægt náttúruverndarmál þá er það ekki á ábyrgð einstakra framkvæmdaaðila eða landeigenda að bregðast við stofnbreytingum tegunda á landsvísu eða á alþjóðavísu. Slík málefni heyra undir ábyrgð stjórnvalda og þess lagaramma sem þau setja. Hlutverk mats á umhverfisáhrifum er að meta hvort tiltekin framkvæmd geti haft umtalsverð umhverfisáhrif, og er það unnið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og á viðeigandi stærðarskala.</p> <p>Að því sögðu, í umhverfismatsskýrslu er sérstaklega tekið fram að heiðlóa og spói séu ábyrgðartegundir og á valista. Sú flokkun byggir á þekktri stofnþróun og er unnin í samræmi við hættuflokka Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) frá árinu 2024. Með því að styðjast við þessa flokkun og skráningu tegundanna í umhverfismatinu er þessi stofnþróun viðurkennd og vísað til hennar. Framkvæmdaraðili er því ekki sammála því að ekki hafi verið horft til stofnþróunar.</p> <p>Í samræmi við lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum verkefna og áætlana er tilgangur umhverfismats að greina, lýsa og meta bein og óbein umtalsverð áhrif á umhverfisþætti. Áhrif verður að meta á viðeigandi skala og í landfræðilegu umfangi.</p> <p>Niðurstaða umhverfismatsins var sú að opin búsvæði hverfa og mófuglar sem kjósa slík svæði víkja af svæðinu. Þau áhrif eru sérstaklega metin og nefnd. Vettvangsrannsókn skráði 39 varppör heiðlóu og 37 varppör spóa innan skógræktarsvæðisins. Stofnstærð þessara tegunda á landsvísu er um 400.000 pör heiðlóu og 256.000 pör spóa. Ef dekksta sviðsmynd verður raunin að hvert einasta par hverfi og engin tilfærsla verður á nálæg svæði, þá ná áhrifin til um 0,01% af stofnstærð viðkomandi tegunda. Hvað búsvæði varðar er öll jörðin um 17 km<sup>2</sup>. Ef öll jörðin verður ónothæf sem búsvæði fyrir þessar tegundir er það einungis um 0,06% af heildar áætluðum 27.700 km<sup>2</sup> búsvæðum á landsvísu.</p> <p>Þegar horft er á verkefnið í viðeigandi stærðarsamhengi er ekki hægt að meta það sem svo að það hafi áhrif á stofnstærð þessara fuglastofna á landsvísu eða stofnþróun þeirra.</p> <p>Framkvæmdaraðili starfar í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og eru öll áform leyfileg innan núgildandi lagaramma.</p>
5.2	<p>„Framkvæmdaraðili nefnir í greinargerð að þar sem fuglalíf innan jarðarinnar muni sennilega aukast töluvert með tilkomu skógarins muni staðbundinn líffræðilegur fjölbreytileiki aukast. Náttúruverndarstofnun bendir á að varlega beri að túlka það sem jákvætt fyrir líffræðilegan fjölbreytileika á Íslandi að búsvæðum innlendra ábyrgðartegunda (heiðlóu og spóa t.d.) sem finnast í einstökum þéttleika sé raskað fyrir erlendar trjátegundir sem laða að sér skógarfuglategundir sem langflestar standa</p>	<p>Í umfjöllun um líffræðilegan fjölbreytileika einblínir Náttúruverndarstofnun á opið/rofið mólendi og lítinn hágróður núverandi ástands. Í umhverfismatinu eru hins vegar metin áhrif á bæði núverandi ástand og þróun svæðisins skv. núllkosti. Skýrslan setur ekki fram gildismat á því hvað teljist „gott“ eða „slæmt“ vistkerfi, heldur lýsir líklegri vistfræðilegri þróun samkvæmt metnum sviðsmyndum.</p> <p>Mat á áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika verður því að taka tillit til þess að það að viðhalda núverandi aðstæðum krefst áframhaldandi beitar. Slík beitarstjórnun er val um landnotkun en ekki skylda samkvæmt gildandi lögum. Stöðvun beitar krefst ekki umhverfismats eða sérstaks leyfis og beit á Villingavatni hefur þegar verið hætt, sem og á nálægum jörðum. Núllvalkosturinn sem metinn er í umhverfismatinu endurspeglar því raunhæfa og áframhaldandi þróun landnotkunar án fyrirhugaðrar framkvæmdar.</p> <p>Samkvæmt núllvalkostinum, án áframhaldandi beitar, má búast við að náttúruleg framvinda leiði til þess að birkikjarr grói upp á ný og hentug búsvæði fyrir heiðlóu og spóa hverfi. Allsstaðar í nágrenni Þingvallavatns þar sem land hefur ekki verið raskað af beit og landbúnaði eða beitarþrýstingur minnkað/hætt er birkikjarr ríkjandi vistgerð, sjá mynd 1. Núverandi gróðurfarsástand er manngert og afleiðing ósjálfbærrar landnýtinga. Fyrirhuguð áform flýta fyrir þessu ferli, en hafa ekki í för með sér grundvallarbreytingar á langtímaáhrifum búsvæða, einkum á láglandi.</p>

*nokkuð vel að vígi samanborið við fækkun í mófuglastofnum.“*

Líklega hafa engar fuglategundir á Íslandi glatað jafn mikið af búsvæðum sínum og skógarfuglar, en við landnám má ætla að skógur hafi verið á rúmlega 27% landsins<sup>1</sup>. Í dag þekja skógar um 1,5% af flatarmáli landsins, þar af eru ræktaðir skógar um 0,3%<sup>2</sup>. Þetta er minnkun á skógarbúsvæðum um nær 95%.

Eins og komið var inná í svari 5.1 þá er þéttleiki fugla á svæðinu frekar lágur og ekki einstakur. Aftur er Náttúruverndarstofnun að fjalla almennt um stofna á Íslandi og allri Evrópu sem á ekki erindi í umfjöllun um áform eins landeiganda.



**Mynd 1** Grænt er náttúrulegt birkikjarr, gult er skógrækt. Á láglandi þar sem ekki hefur verið beitt er birkikjarr ríkjandi. Jörðin Villingavatn er gróflega afmörkuð með rauðum ferhyrning. Mynd: Skóglendisvefsjá LOGS

<sup>1</sup> <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4712>

<sup>2</sup> <https://www.natt.is/is/grodur/ahrif-mannsins>

<p>5.3</p>	<p><i>„Ekki er minnst á þessa tillögu í vistgerðar- og fuglalífsundirköflunum um mótvægisáðgerðir. Sömuleiðis hefur þetta ekki verið metið í neinni valkostagreiningu, en Náttúruverndarstofnun hefur bent á í tveimur umsögnum (matsskyldufyrirspurn og matsáætlun) að skoða þyrfti þann valkost að gróðursetja einungis sunnan Grafningsveggar (þ.e. að gróðursetja ekki í áfangasvæði 4).“</i></p>	<p>Í þessu umhverfismati er verið að meta áhrif ákveðins verkefnis með ákveðið takmark og markmið. Skv. lögum um umhverfismat skal fjalla um raunhæfa valkosti, en umræddir valkostir þurfa þó að ná sömu eða sambærilegum markmiðum.</p> <p>Markmið verkefnisins er að koma á fót samfelldum sípekjuskógi sem leggur grunn að efnahagslega hagkvæmri landnotkun til langs tíma. Að útiloka gróðursetningu norðan Grafningsveggar (þ.e. 4. áfanga) myndi draga verulega úr rýmissamhengi, rekstrarhagkvæmni og efnahagslegri hagkvæmni verkefnisins. Slík minnkun myndi breyta verulega umfangi og eðli tillögunnar og myndi ekki ná sömu heildarmarkmiðum.</p> <p>Að auki, eins og fram kemur í svari 5.2, jafngildir það að ekki er gróðursett norðan Grafningsveggar hinum kynnta núllvalkosti. Það er ekki óbreytt framhald af núverandi ástandi opins mólendis. Beit á landi hefur verið hætt og án virkrar beitar má búast við að náttúruleg framvinda leiði til endurvaxtar birkikjarrs norðan Grafningsveggar. Því má ætla að búsvæða og vistkerfisþróun, bæði samkvæmt núllvalkostinum og fyrirhugaðri framkvæmd, muni til langs tíma leiða til aukinnar skógarþekju, hærri gróðurs og minni hentugleika fyrir mófugla sem kjósa opin búsvæði, þó á mismunandi hraða.</p> <p>Tillagan um að sleppa gróðursetningu norðan Grafningsveggar mun því í sjálfu sér ekki viðhalda núverandi búsvæðum nema áframhaldandi beit fylgi. Slík landnotkun samræmist ekki markmiðum fyrirhugaðrar framkvæmdar og ekki hægt að líta svo á að hún sé raunhæfur valkostur innan umhverfismatsins.</p> <p>Af þessum ástæðum metur umhverfismatið skógræktina eins og hún er lögð til, þar með talið mótvægisáðgerðir og skipulagsatriði innan allra áfanga, frekar en að meta verulega minnkaða áætlun sem myndi ekki uppfylla yfirlýstan tilgang framkvæmdarinnar eða annan valkost sem felur í sér óbreytt ástand norðan þjóðveggar um ókomna framtíð.</p>
<p>5.4</p>	<p><i>„Taka skal hér sérstaklega eftir því að talað er um votlendið umhverfis og aðdraganda þess. Taka skal mið af því hvernig útlínur svæðisins eru skilgreindar, en þær ná þónokkuð út fyrir kortlagt votlendi. Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi Villingavatns, þ.e. gróður og fuglalíf annarra fugla en vatnafugla, verði gróðursett innan skilgreinds svæðis á náttúruminjaskrá eins og áfangaskipting gerir ráð fyrir séu myndir 3.1 og 6.49 bornar saman.“</i></p>	<p>Forsenda verndar á svæðinu er „votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.“ Í umhverfismatsskýrslu voru áhrif á votlendi, vatnafar og fuglalíf á svæðinu sérstaklega metin með tilliti til þess.</p> <p>Ekki verður plantað í votlendið umhverfis vatnið. Líkt og kemur fram í umhverfismatsskýrslu hefur skógrækt jákvæð áhrif á vatnafar og vatnsgæði. Áhrif á votlendis- og vatnafugla eru metin óveruleg og engar nýjar heimildir eða rökstuddar staðreyndir hafa verið lagðar fram sem benda til annars.</p> <p>Því er metið að skógrækt á aðdraganda og vatnasviði Villingavatns muni ekki hafa áhrif á verndargildi þeirra umhverfisþátta sem liggja til grundavallar skráningu svæðisins.</p> <p>Þá skal hafa í huga að ekki er bann við skógrækt innan svæða á náttúruminjaskrá. Til dæmis er töluverð skógrækt innan nálæggra svæða á náttúruminjaskrár, t.d. „747. Alviðra og Sog“ (t.d. Þrastaskógur), og „746. Kerið og Tjarnarhólar“ (Snæfoksstaðaskógur), sjá mynd 2.</p>



5.6	<p>„Náttúruverndarstofnun er ósamhála framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásynd séu óveruleg. Stofnunin telur áhrifin þónokkur sökum þess hve umfangsmikil framkvæmdin er. Þá er hún hluti af samlegðaráhrifum annarrar skógræktar í grenndinni.“</p>	<p>Það að vegfarendur keyri í gegnum skógræktarsvæði beggja vegna Villingavatns gerir það að verkum að breytingin í ásynd verður óveruleg. Keyrt er í gegnum Villingavatnsjörðina á innan við 2 km kafla sem tekur rúmlega 1 mínútu ef keyrt er á 80 km/klst hraða.</p> <p>Engin sérstök fjallasýn er af veginum á því svæði og skógur á hæðum í fjarska er ekki talinn hafa neikvæð áhrif. Myndir 6.46-48 eru dæmi um skóga við mun fjölfarnari ferðamannaleiðir og er framkvæmdaraðila ekki kunnugt um teljandi neikvæð áhrif á upplifun og ásynd.</p> <p>Afar fáir fara fótgangandi um jörðina sjálfa sunnan vegar þar sem mestra áhrifa gætir. Áhrif þar eru metin óveruleg vegna þess hve fáir verða fyrir áhrifum, og þá einungis lítinn hluta ársins.</p>
5.7	<p>„Áætluð kolefnisbinding miðað við núverandi landnýtingu innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er um 6,7 tonn kolefni á ári, en með tilkomu skógar er áætluð binding um 2.450 tonn af kolefni á ári. Ljóst er að uppvaxinn skógur bindur meira kolefni en rofið land sem er á stórum hluta svæðisins. Náttúruverndarstofnun hefði þótt æskilegt að meta þennan umhverfisþátt eftir áfangaskiptingunni, þar sem ljóst er t.a.m. skv. rofkorti Grólindar (mynd 6.53) að talsvert minna rof er norðan Grafningsvegar (áfangi 4) en sunnar“</p>	<p>Við útreikninga á kolefnisbindingu var landið að mestu flokkað sem „þurrlandis úthagi (beitarsvæði)“. Það er varfærið mat og það að flokka rofna svæðið hærra yfir sjávarmáli sunnan vegar sem úthaga ofmetur líklega frekar núverandi bindingu frekar en vanmetur. Það er því líklegt að raunveruleg binding verkefnisins verði meiri en gefið er upp í umhverfismatskýrslu.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til umsagnar Lands og skógar.</p>